

Inngangur að þýðingu draums

Fyrsta daginn minn héma í Höfn, þegar ég var að pakka uppúr bakpokanum mínum, varð á vegi mínu, fyrir tilviljun, gamalt íslenskt Mannlífsblað frá níttánhundruð-níutíu-og-eitthvað-smá. Það lét ekki mikið yfir sér blaðið, lá útá hlið, uppí hillu undir samanbrotnu götukorti af Marseille-borg. Ég stóðst hins vegar ekki mátið og fór að fletta – eins og allir þeir hljóta að gera sem smitast hafa af að minnsta kosti vægri fortíðarþrá því ekkert er eldra en 20 ára gamalt glanstímarit. Aftast í blaðinu rak ég síðan augun í viðtal við enga aðra en Dominique, sem einmitt er hafnarstjóri héma í Höfn. Það hafði verið tekið þá er hún bjó enn á Íslandi.

Viðtalið var skemmtilegt og ég vakti máls á því við Dominique síðar um daginn. Hún sagði mér söguna af því hvernig það kom til: Viðtalið hafi í raun verið hugsað sem dulbúin auglýsing fyrir grímugerðarfabrikku sem hún rak í þá daga í Reykjavík. Tilgangur þess hafi verið að koma á framfæri við lesendur blaðsins símanúmeri grímugerðarkonunnar svo þeir myndu hlaupa beint að símanum, hringja í númerið góða og panta undir eins a.m.k. eina (ef ekki fleiri) sérsmíðaða og persónulega andlits-grímu frá Dominique. Í framhjáhlupi minntist hún á það að viðtalið hafi tekið Einar Öm Benediktsson.

Þegar þessir tveir ólíku hlutir röðuðust upp svona hlið við hlið (þ.e.a.s. hið frekar einstaka nafn Einars Amar annars vegar og svo hin almenna hugmynd um símanúmer) þá rifjaðist upp fyrir mér draumur sem mig dreymdi fyrir nokkrum árum. Í draumnum og eftirmála hans komu nefnilega báðir þessir hlutir fyrir. Mig rámaði í það að ég hefði hripað þennan draum niður á blað og þegar ég athugaði málið reyndist svo vera. Ég fann skjalið djúpt í skúffu í tölvunni minni. Um kvöldið sendi ég Dominique textann okkur báðum til skemmtunar, að því ég hugði, því textann hafði ég aldrei hugsað til útgáfu. Morguninn eftir kallaði Hafnarstjórinn mig hins vegar út í morgunsólina á veröndinni fyrir framan Hafnaríbúðina og sýndi mér fyrsta uppkastið að franskri þýðingu á textanum. Ég kann henni bestu þakkir fyrir að vanda svo til þessa verksins. Að fá að fylgjast með því starfi dagana sem á eftir fylgdu var bæði skemmtilegt og lærdómsríkt.

Nú, þegar þeirri vinnu er lokið erum við, ég og þýðandi minn á frönsku, sammála um að rétt sé, ef ekki allt að því óumfýjanlegt, að tileinka Einar Emi Benediktssyni þýðingu texta þessa. Sérstaklega í ljósi þess að nú höfum við birt símanúmerið hans og starfstítl opinberlega á internetinu, að honum forspurðum – og það á tveimur tungumálum í þökkabót. Vilji Einar Öm höfða skaðabótamál sökum þessa, vonum við að tileinkunin verði okkur jafnvel til refsilækkunar.

Einhvemvegin fannst okkur sem á þennan hátt væri hringnum lokað. En auk er slík tileinkunin sé góð áminning um það hvernig engum manni er ætlað að vita hvaða hlutverki hann og hans skökku númer gegna í lífi annars fólks.

*Ragnar Helgi Ólafsson,
Höfn, Marseille, 30. mars 2015.*